

## GJALDSKRÁ

**fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu  
og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.**

## 1. gr.

*Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

## 2. gr.

*Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,205% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

## 3. gr.

*Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

## 4. gr.

*Aukavatnsgjald.*

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Aukavatnsgjald	kr./m <sup>3</sup>
Fyrstu 150.000 m <sup>3</sup>	38,5

Þegar notkun einstakra lögaðila fer yfir 150.000 m<sup>3</sup> á ári verða gerðir sérsamningar um verð fyrir umframmagn.

## 5. gr.

*Mælaleiga.*

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	8.000 kr.
20-24 mm	11.270 kr.
25-31 mm	14.180 kr.
32-39 mm	16.940 kr.
40-49 mm	22.660 kr.
50-74 mm	68.090 kr.
75-99 mm	73.780 kr.
100 mm og stærri	79.480 kr.

## 6. gr.

*Heimæðargjald.*

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	304.605 kr.	6.516 kr/m
40 mm	395.537 kr.	7.426 kr/m
50 mm	533.442 kr.	8.336 kr/m

63 mm	748.635 kr.	10.304 kr/m
75 mm	1.047.172 kr.	14.391 kr/m
90 mm	1.266.927 kr.	22.726 kr/m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi.

7. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2014. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ, nr. 305/2010.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 12. desember 2013.

*Ísafirði, 20. desember 2013.*

**Daníel Jakobsson** bæjarstjóri.